

## Heyskapur

Hér verða rædd nokkur atriði sem máli skipta varðandi heyskap og heyverkun.

Gott gróffóður er lykillinn að því að mjólkurkúr skili góðum afurðum. Svo að vel takist við að afla þannig heyja þarf að velja sláttutímamann þannig að orku- og efnainnihald grasanna sé heppilegt og vanda alla vinnu við heyskap og verkun heyjanna til að varðveita það sem best.

Við mat á gæðum þess er oftast horft til orkugildis, að próteininnihald sé hæfilegt og steinefnahlutföll heppilegt. Með aukinni sprettu eykst vitanlega uppskerumagn en samhliða fellur orku- og próteininnihald, lystugleiki minnkar og magn einstakra steinefna breytist. Það er breytilegt hvaða kröfur skal gera um orkuinnihald eftir því hvaða gripum heyið er ætlað t.d. hentar ekki sama fóður geldum kúm og þeim sem eru mjólkandi. Kúr sem komnar eru á síðari hluta mjaltaskeiðs, geldneyti og kvígur þurfa ekki jafn orkuríkt hey og hámjólka kúr. Það er því mikilvægt að setja upp áætlun um hve mikið hey þurfi af hverjum gæðaflokki og skipuleggja heyskapinn út frá því.

Sjaldnast er hægt að taka allan heyskapinn á einum degi og því mikilvægt að byrja slátt nokkrum dögum áður en grösín eru á heppilegasta þroskastigi. Á þeim tíma er sprettan orðin það hröð að orkugildi grasa fellur nokkuð hratt og má því reikna með að það sem slegið er síðast verði orðið laklega í þeim gæðum sem stefnt er að. Talsverður munur getur verið á milli ára í falli á meltanleika grasa, háð hitastigi og úrkomu og eins er munur milli grastegunda hvað þetta varðar auk fleiri þátta. Í votlendi eru plöntur jafnan trénisríkari en í þurrari jarðvegi og því lægri í orku. Prótein í grösunum er hærra þegar mikið er borið á. Í vætutíð verður prótein lægra í grösunum en í þurrviðri og eins verður það lægra í hlýjum árum en í kuldatíð.

*Fóðurgildi nokkurra túngrasa um það leyti sem vallarfoxgras er að skriða og breytingar á fóðurgildi frá þeim tíma (byggt á tölum úr grein frá Ríkharð Brynjólfssyni 1996).*

Grastegund	Orkugildi FEm/kg þe	Lækkun á viku FEm/kg þe	Hráprótein g/kg þe	Lækkun á viku g/kg þe
Vallarfoxgras (Engmo)	0,94	0,07	154	18
Vallarsveifgras (Fylking)	0,92	0,04	187	33
Snarrót	0,92	0,08	185	12

Til að gera sér grein fyrir hvenær orkugildi grasanna er hæfilegt til að hefja slátt þarf að nýta sér reynslu fyrri ára þ.e. hvernig gæði og lystugleiki hafi verið þegar grösín eru slegin á tilteknu stigi. Heyefnagreiningar frá fyrri árum koma þar að gagni. Skrið vallarfoxgrass er gott að nota til viðmiðunar en það er auðvelt að sjá og gerist á fáum dögum. Orkugildi þess er hátt meðan það skriður en fellur eftir það um nokkuð hratt.

## Þættir sem hafa áhrif á verkun

### Stuttur þurrktími

Öndun plöntufruma heldur áfram eftir slátt meðan nóg vatn er fyrir hendi. Hún er því hægari sem heyið er þurrara og stöðvast að mestu þegar þurrefni er komið í 65-75%. Við hana brotna niður kolvetni og orkugildi fóðursins minnkar. Til að tap vegna öndunar plöntufruma verði sem minnst þarf

að hraða þurrkun heysins sem mest. Í þessu skyni er mikilvægt að breiða úr sláttugörðum strax eftir slátt. Knosarar á sláttuvélum hafa einnig góð áhrif í þessa veru ef þeir eru þannig gerðir/stíltir að þeir merji grasið og rjúfi þannig vaxhúð þeirra og dreifi heyinu í breiðan sláttugarða. Hitastig hefur mikil áhrif á öndun plöntufruma þannig að við lágt hitastig verður öndunin hægari og niðurbrot efna minna.

Í grassverðinum er að finna mikið af ýmsum örverur s.s. bakteríur og sveppi. Við meðhöndlun heysins á velli verður ekki hjá því komist að menga grasið af þessum örverum en haga þarf henni t.d. með stillingu á heyvinnutækja, þannig að þær róti ekki upp jarðvegi og að þessi mengun verði sem minnst. Mest hætta er á að skaðlegar lífverur nái að þrífast í heyinu þegar;

- þurrkun heysins gengur hægt
- hiti myndast í heyinu
- heyið er mengað af óhreindum
- súrsun heysins gengur hægt
- ekki tekst að útiloka súrefni frá heyinu

Þegar hey þornar verður það viðkvæmara fyrir allri meðhöndlun og tap næringarefna vegna molnunar eykst. Sérstaklega eru það blöðin (kannski verðmætasti hluti heysins) sem eru viðkvæm en þau þorna fyrir en stönglarnir. Þegar farið er að skjáfa í heyi er það orðið viðkvæmt fyrir molnun og ástæða til að beita heyvinnuvélunum varlega. Enn frekar því meira sem heyið þornar.

### Safatap og heppilegt þurrkstig

Verkun á blautu heyi fylgir óhjákvæmilega tap verðmættra næringarefna með frárennsli. Til að forðast að svo verði þarf þurrrefni heysins að vera komið í 30-35%. Þurrrefni í grasþurru heyi sem slegið er í þurrki getur verið á bilinu 18-26%. Talið er að heppilegasta þurrkstig á heyi fyrir nautgripi sé 35-45% sé m.a. horft til átlýstar.

### Lágmarka útskolun næringarefna

Útskolun næringarefna verður þegar úrkoma kemur í flatt hey og eykst eftir því sem þurrfnisinnihaldið hækkar. Eftir því sem hlýrra er í veðri og meira úrkomumagn eykst útskolunin. Hey ver sig betur í múgum geri skúrir. Eins verst óknosað hey betur í vætutíð, en knosað hey, en á móti þarf að vega og meta hvort menn vilji hraða forþurrkun með knosun eða minni útskolun komi skúr ofan í flatt hey.

### Lágmarka mengun

Pollar, búfjáraðurur í sverði, hjólför, lélegur svörður og ógrónir blettir í túnum auka líkurnar á mengun fóðursins. Eins ber að varast að slá sinuflóka með í úrvalshey til að halda gæðum sem mestum. Vormeðhöndlun túna skiptir því mjög miklu máli. Að slóðadraga, bera skít á fyrir rigningu og varast að spora tún í bleytutíð skiptir miklu máli fyrir gæði heyjanna sem við öflum. Eins er rétt að áréttta að hreinsa heyvinnuvélar reglulega liggja á þeim gamlar tuggur milli heyskaparlota. Sérstaklega á þetta við þegar rest verður eftir í rúlluhólfi sem verður svo miðja í næstu rúllu.

## Sláttur, tími dags, sláttunánd ofl.

### Sláttur

Fyrstu ferðina við snúning þegar slegið er úr sláttugörðunum þarf að vanda vel svo að ekki verði eftir blautar tuggur sem seinna geta orðið til tjóns við verkun heysins. Það fer eftir því hve blautt heyið er hve oft þarf að snúa til að ná þeim þurrk á heyið sem stefnt er að. Í góðum þurrki þarf að snúa sjaldar en í daufum þurrki og eins ef uppskeran er lítil og flekkurinn er þunnur.

Þurrlegt hey er gott að taka saman í garða á kvöldin, ekki þó of þykka. Það blotnar þá síður upp yfir nóttina og jafnast að þurrki. Eins þornar túnið fyrr s.s. þegar þrálátar rigningar hafa verið fyrir slátt.

### Tími dagsins

Ekki skal slegið fyrr en tekið er af grösunum ef hjá því er komist, oft er þetta um og eftir kl. 10 að morgni. Grös eru sykurríkust seinnipart dags vegna þess að þá hafa þau náð að ljóstillífa í langan tíma frá því sólin kom upp. Yfir nóttina er ljóstillifun lítil og þá ganga grösin á eigin sykurbirgðir. Hins vegar er þurrkur oft lítill að nóttunni til, svo það er heilladrýgst að slá fyrir og um hádegi til að fá sem mestan þurrk strax eftir slátt, þegar hraði forþurrkunar þarf að vera hvað mestur. Það er til lítils að slá seinnipart dagsins þegar þurrkur fer dvínandi, því grösin halda áfram að anda yfir nóttina og eyða sykurbirgðunum úr grösunum. Sykur er eitt mikilvægasta efnið til að góð gerjun náist í blautt fóður, en sykurríkt gras er einnig lystugt fyrir gripina okkar.

### Sláttunánd

Sláttunánd ætti ekki að vera minni en 8 cm, sem er mun hærri sláttunánd en tíðkast víða. Með minni sláttunánd (hærri stubbur) fæst hraðari forþurrkun vegna þess að heyið liggur ekki eins nærri blautri og kaldri jörðinni, minni hætta verður á jarðvegsíblöndun þegar tindar snúningsvéla, múgavéla og rúlluvéla (eða annarra véla við hirðingu) leika um heyið. Eins er túnið fljótara að taka við sér eftir slátt. Neðsti hluti grasa er orkurýr svo við græðum ekkert á því að slá neðarlega.

### Hirðing og pökkun

Mikilvægt er að pakka rúllum/böggum innan 2 tíma frá bindingu. Helst skal hirða rúllur innan 12 tíma frá plöstun, því lengri tími sem líður frá pökkun að hirðingu eykur hækkuna á því að nýtt súrefni pumpist inn í gegnum plastið svo gerlarnir fá aukið súrefni til að athafna sig og brjóta niður mikilvæg næringarefni. Þarna skipta rúllugreipar einnig miklu máli og þurfa þær að fara „mjúkum örmum“ um rúllurnar. Komi göt á rúllur við hirðingu eða af völdum fugla eða „grasmótora“ verður að líma fyrir þau undir eins til að lágmarka þurrefnistap.

### Notkun hjálparefna

Þegar öll skilyrði góðrar votverkunar á heyi eru fyrir hendi er óþarfi að nota hjálparefni við hana. Séu hinsvegar líkur á að gerjun heysins verði ekki eins og vera skal er sjálfsagt að nota þau til að tryggja rétta gerjun. Við verkun heys í stæðum er öruggast að nota hjálparefni.